



Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd

Alþingi v/Austurvöll

150 REYKJAVÍK

Iceland

Garðabær, 20.3.2025

Málsnúmer: 202503-0017

SS

Efni: Tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 24/152 um áætlun og vernd og orkunýtingu landsvæða.

Vísað er í tölvubréf sem barst frá nefndasviði Alþingis þar sem umhverfis- og samgöngunefnd óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um 101. mál 156. löggjafarþings, tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 24/152 um áætlun og vernd og orkunýtingu landsvæða.

Um er að ræða breytingu á samþykkt Alþingis á 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar (rammaáætlunar) sem Alþingi samþykkti vorið 2022 og byggist á endurskoðun verkefnisstjórnar rammaáætlunar á átta virkjanakostum sem Alþingi hafði fært úr orkunýtingar- eða verndarflokk í biðflokk þar sem ákall var eftir því að skoða betur tiltekin atriði.

Verkefnisstjórn rammaáætlunar framkvæmdi endurmat á þeim atriðum sem óskað hafði verið eftir að yrðu skoðuð betur og skilaði nýrri tillögu að flokkun virkjanakostana til þáverandi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra 5. apríl 2024. Sú tillaga sem lögð er fram hér fylgir tillögu verkefnisstjórnar og eru þrír virkjanakostir, Skrokkalda, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun flokkaðir í orkunýtingarflokk en Kjalölduveita, Skatastaðavirkjanir C og D, Villinganesvirkjun og Vestari-Jökulsá í verndarflokk. Þess ber að geta að um sömu flokkun er að ræða og var upphaflega lögð til í 3. áfanga áður en Alþingi lagði til að færa virkjanakostina í biðflokk. Í þingsályktunartillögunni eru einnig lögð fram kort af verndarsvæðum fyrir virkjanakosti sem samþykktir hafa verið í verndarflokk og Alþingi hafði ekki fengið til samþykktar þegar flokkun þeirra var samþykkt. Um er að ræða ellefu virkjanakosti.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um 3. Áfanga þegar hann var lagður fram á Alþingi vorið 2022, og einnig umsögn til verkefnisstjórnar rammaáætlunar þegar hún lagði fram tillögu að nýju að loknu endurmati í apríl 2024. Vísað er í þær umsagnir eins og á við.

Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi athugasemdum og áliti á framfæri varðandi framlagða þingsályktunartillögu:

Virkjanakostir í Héraðsvötnum:

Virkjanakostirnir fjórir sem eru á vatnasviði Héraðsvatna, Skatastaðavirkjanir C og D, Villinganesvirkjun og Vestari-Jökulsá, eru allir flokkaðir í verndarflokk á nýjan leik. Kallað var eftir betri rökstuðningi fyrir mati á áhrif virkjana á flæðiengjar á láglandi Skagafjarðar. Faghópur 1 fékk það verkefni að vinna endurmat á þessu atriði og meta hvort áhrifin væru rétt metin. Kallað var eftir faglegu mati frá erlendum sérfræðingi. Greinargerð þess sérfræðings er að mati Náttúrufræðistofnunar sérstaklega góð og mikilvæg viðbót sem útskýrir vel hvaða áhrifa ber að vænta á vatnasvið Héraðsvatna og lífríki þess með



áherslu á áhrif á flæðiengjarnar, stöðugleika þeirra og eðli. Margt annað áhugavert kemur fram í greinargerð sérfræðingsins sem rökstyður frekar flokkun Héraðsvatna í verndarflokk svo sem líkleg áhrif á rústamýrar í Orravatnsrústum, hættu á kvikasilfursuppsöfnun í lífverum, aukinni sandfokshættu, áhrif á fiska o.fl. Náttúrufræðistofnun telur rökstuðning fyrir mikilvægi þess að hlífa Héraðsvötnum og vatnasviði þeirra fyrir neikvæðum áhrifum vatnsaflsvirkjana vera enn skýrari en áður. Stofnunin hefur alltaf talað fyrir mikilvægi þess að vernda flæðiengjar í Skagafirði sem stofnunin hefur skilgreint sem afar mikilvæg votlendissvæði og búsvæði fugla og sem eru að hluta til á núverandi náttúruminjaskrá (C-hluta) og sem stofnunin hefur tilnefnt fyrir B-hluta náttúruminjaskrár vegna verndargildis. Orravatnsrústir eru annað mikilvægt votlendissvæði á hálendinu sem verður fyrir áhrifum og hefur mjög hátt verndargildi. Náttúrufræðistofnun styður eindregið niðurstöðu verkefnisstjórnar um flokkun virkjanakostanna og þá flokkun í verndarflokk sem lögð er til í þingsályktunartillögunni.

Kjalölduveita:

Náttúrufræðistofnun styður einnig þá niðurstöðu endurmats á flokkun Kjalölduveitu að virkjunarkosturinn eigi heima í verndarflokki. Það endurmat sneri fyrst og fremst að lögmæti málsmeðferðarinnar og því engin ný gögn er varða náttúrufar eða verndargildi til umfjöllunar. Niðurstaða verkefnisstjórnar er sú að Kjalölduveita hafi fengið fullnægjandi umfjöllun faghópa við umfjöllun verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar og að engar nýjar upplýsingar um viðkomandi landsvæði eða virkjunarkosti hafi komið fram sem gefi til kynna að þörf sé á frekari umfjöllun. Lögfræðilegt álit sem unnið var fyrir verkefnisstjórnina styður vel við þá niðurstöðu. Enginn vafi ætti því að vera heldur um að virkjanaáform sem geta haft bein neikvæð áhrif á verðmætt lífríki Þjórsárvera komi ekki til greina í ljósi verndarstöðu og verndargildis þeirra.

Skrokkalda:

Endurmat á flokkun Skrokköldu beindist einkum að mati á áhrifum á landslag, óbyggð víðerni og friðlýst svæði, sér í lagi Vatnajökulspjóðgarð. Ítarleg greinargerð sem unnin var sameiginlega af faghópum 1 og 2 fól m.a. í sér nýja rannsókn á landslagi svæðisins og mati á áhrifum virkjunarkostsins á landslag. Sú rannsókn leiddi í ljós að áhrif á landslag og landslagsheildir verða töluverð. Þá var lagt mat á áhrif á óbyggð víðerni en þar sem aðferðafræði við kortlagningu óbyggðra víðerna hefur ekki verið fest í sessi opinberlega var stuðst við tvær nálganir sem byggjast á tvenns konar kortlagningu víðerna sem fela í sér töluvert ólíka niðurstöðu. Afleiðing þess er að mjög mikill munur er á hvernig skerðing á víðernum vegna Skrokköldu er metin, eða frá 19 km² til 130 km². Síðara skerðingarmatið sem byggist á kortlagningu Carter o.fl. (2023) er augljóslega umtalsvert meiri skerðing en sú sem fyrra matið felur í sér. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um niðurstöðu verkefnisstjórnar benti Náttúrufræðistofnun á að þessi mikli munur á mati á skerðingu víðerna bendir á töluverða óvissu um hver áhrif Skrokköldu á óbyggð víðerni sé í raun og veru. Ef kortlagningu Carters ofl. (2023) er fylgt þá er um að ræða skerðingu á ein stærstu óbyggðu víðerni á Íslandi og mætti ætla að slíkt ætti að vega þungt við endanlegt mat á flokkun virkjanakostsins. Engu að síður er virkjunarkosturinn settur í orkunýtingarflokk eftir endurmatið, þar sem aðrir matsþættir lækka heildareinkunn töluvert.

Mögulega væri þessi óvissa um áhrif Skrokköldu á óbyggð víðerni næg ástæða til að rökstyðja áframhaldandi flokkun í biðflokk þar til betri greining er möguleg. Ljóst er að verkefnisstjórn hefur metið sem svo að vægi mats annarra áhrifaþátta sé nægjanleg forsenda fyrir endanlegri flokkun virkjunarkostsins þrátt fyrir þessa óvissu um þennan matsþátt. Er það í sjálfu sér ekki óeðlilegt því matsþættir eru margir og allmargir rökstyðja ágætlega flokkun í orkunýtingu. Náttúrufræðistofnun telur þó mikilvægt að vekja athygli á þeirri ófullnægjandi stöðu sem er varðandi mat á áhrifum virkjunarkostsins á óbyggð víðerni og að það eigi að vega þungt í endurmatinu. Það er ekki síst vegna



Þess að almennt hefur lítið miðað í verndun óbyggðra víðerna hér á landi og það verður að teljast slæmt ef áframhaldandi óvissa um stjórnsýslulega meðferð viðfangsefnisins leiði til þess að það fái lítið vægi í ákvarðanatöku um framkvæmdir sem geta aukið skerðingu víðerna

Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun:

Endurmat á virkjunarkostunum tveimur í Þjórsá, snýr einungis að mati faghóps 4 á samfélagsleg áhrif og faghóps 5 á hagræn áhrif, en ekki um niðurstöðu faghóps 1 um áhrif á náttúrufar. Þar sem þau viðfangsefni sem voru endurmetin tengjast ekki fagsviði Náttúrufræðistofnunar hefur stofnunin ekki rýnt það sérstaklega. Niðurstaða verkefnisstjórnar er að virkjanakostirnir færast í orkunýtingarflokk eins og upphaflega var lagt til. Þess ber þó að geta að í niðurstöðu verkefnisstjórnar 3. áfanga kemur fram að verkefnisstjórnin telji að ekki sé hægt að eyða óvissu um virkni seiðafleytna og um áhrif vatnsmagns- og rennslisbreytinga á gönguleiðir, hrygningarstöðvar og uppeldisstöðvar laxfiska á áhrifasvæði Holta- og Urriðafossvirkjana á þessu stjórnsýslustigi og umfjöllun um þessi veigamiklu atriði beint í farveg mats á umhverfisáhrifa og leyfisveitinga. Viðfangið „fiskar“ fékk einnig háa áhrifaeinkunn og skar sig úr. Ljóst er því að í tilfellum beggja virkjana er töluverð áhætta fólgin í þeirri óvissu sem ríkir um áhrif á laxfiska. Það er visst áhyggjuefni að mati Náttúrufræðistofnunar. Hvort nýtt mat umhverfisáhrifa framkvæmda og leyfisveitingaferli á forsendum löggjafar vatnamála nái að eyða óvissu um áhrif á laxfiska Þjórsár á eftir að koma í ljós en að mati Náttúrufræðistofnunar er grundvallaratriði að farið sé í alla nauðsynlega gagnasöfnun til að eyða þessari óvissu. Það er óheppilegt að það hafi ekki tekist í ferli rammaáætlunar en þeim mun mikilvægara að það sé gert á síðari stigum fyrst tekin sé sú ákvörðun að virkjanakostirnir fari í nýtingarflokk og að óvissu hafi verið eytt áður en leyfi fyrir framkvæmdum eru veitt. Hér eru mikil verðmæti í húfi og varúðarsjónarmið þurfa að vega þungt.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndar